

[Type here]

Ársskýrsla Neista 2020



Í stjórn sátu: *Magnús Sigurjónsson, formaður, Berglind Bjarnadóttir, Guðjón Gunnarsson, Kolbrún Ágústa Guðnadóttir og Lisa Halterlein.*

Mótahald: Mótanefnd hélt utan um mót vetrarins og voru þau styrkt af SAH afurðum og voru þau ágætlega sótt, þangað til Covid setti strik í reikninginn og mótahald fellt niður.

Svínavatnsnefnd ný stjórn þarf að virkja nýja nefnd og koma þessu móti á sinn gamla stall.

Námskeið. Almennt námskeið, Pollanámskeið, Knapamerki 1 og 2 allt vel sótt en því miður þurfti að hætta vegna heimsfaraldursins.

Knapi ársins 2020 var valinn Lilja Maria Suska en ekki var uppskeruhátið Neista og búgreinafélaganna í A-Hún að þessu sinni. Hún er vel að titlinum komin enda átti hún gott tímabil á skeiðhestinum Viðari frá Hvammi 2, þau eru í 19. Sæti á stöðulista í 100 metra skeiði en áttu best tímann 7,73

Snjómokstur. Neisti hefur staðið frammi fyrir kostnaði vegna snjómoksturs á síðustu misserum þó ekki líkt og í fyrra.

Worldfengur. Hestamannafélagið keypti aðgang að myndefni á Worlfeng þannig nú er hægt að skoða myndbönd frá landsmótum

Reiðhallarmál voru forgangsmál hestamannafélagsins á síðasta ári og er sú vinna ekki jafn langt komin og vonir stóðu til. Málið er í skoðun hjá Samtökum hrossabænda í A-Hún og sveitarfélögunum en Neisti þarf að beita sér enn frekar fyrir því að málið verði leitt til lykta. Er það skoðun stjórnar Neista að ekki sé til setunnar boðið með viðhald reiðhallarinnar burt séð frá því hverjir formlegir eigendur hennar séu. Það eru hestamenn sem nota reiðhöllina og það eru bæði hestamenn í Samtökum hrossabænda og í Neista. Vinnuhelgi og auka dagar fóru í að gera salinn uppi huggulegri en því miður er enn ólokið nokkrum þáttum

Viðburðir: Folaldasýning í janúar auk móta áður en frestað var.

17.júní: Neisti sá ekki um skipulagningu og framkvæmd dagskrár 17. júní líkt og síðustu ár enda hátíðarhöldum frestað

[Type here]

